



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra

Minnisblað

Reykjavíkurborg hlaut jafnlaunavottun árið 2019, stóðst svo úttekt vegna viðhaldsvottunar árið 2021 og hefur nú fengið endurnýjaða vottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012.

Samkvæmt lögum nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, ber fyrirtækjum og stofnunum, með ákveðinn fjölda starfsfólks, að uppfylla kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Jafnlaunavottun er þess eðlis að til að vinnustaðurinn haldi vottuninni þarf hann að sýna fram á áframhaldandi árangur milli ára.

Endurúttektin á jafnlaunakerfi borgarinnar var framkvæmd af Vottun hf. sem nú hefur staðfest að jafnlaunakerfi Reykjavíkurborgar uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012. Ein af kröfum staðalsins er að gerð sé greining á launum starfsfólks.

Greining á októberlaunum starfsfólks Reykjavíkurborgar sýnir að konur voru með 0,4% lægri heildarlaun en karlar árið 2021 þegar litið er á laun alls starfsfólks borgarinnar óháð starfshlutfalli og að teknu tilliti til kyns, aldurs, menntunar, fagaldurs, yfirvinnu, vakta og starfaflokks.

Hjálögð er skýrsla með niðurstöðum launagreiningar 2021.

Virðingarfyllst,

Lóa Birna Birgisdóttir,
sviðsstjóri
Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Greining á kynbundnum launamun í október 2021



Reykjavíkurborg

Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Apríl 2022



Efnisyfirlit

Töfluyfirlit	3
Myndayfirlit	4
Helstu niðurstöður	5
Inngangur	6
Þróun kynbundins launamunar hjá Reykjavíkurborg	6
Aðferð	8
Þátttakendur	8
Launagögn	8
Flokkun starfa	8
Aðhvarfsgreining	10
Niðurstöður	11
Bakgrunnsupplýsingar	11
Persónubundnir þættir og yfirvinna	16
Starfsfólk í ákveðnu starfshlutfalli	20
Uppreiknuð grunnlaun	20
Uppreiknuð heildarlaun	24
Allt starfsfólk	29
Uppreiknuð heildarlaun	30
Greining eftir ríkisfangi	35
Viðauki I. Starfsheiti innan starfaflokka	42

Töfluyfirlit

Tafla 1. Helstu niðurstöður. Munur á launum karla og kvenna.	5
Tafla 2. Starfaflokkar	9
Tafla 3. Kyn	11
Tafla 4. Aldursdreifing	11
Tafla 5. Svið	13
Tafla 6. Starfaflokkar	13
Tafla 7. Yfirstarfaflokkar	14
Tafla 8. Starfshlutfall	15
Tafla 9. Ríkisfang	15
Tafla 10. Samsetning launa starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli.	16
Tafla 11. Hlutfall starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli sem fær greidda yfirvinnu.....	17
Tafla 12. Aukagreiðslur eftir launategund til starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli eftir starfaflokki.	18
Tafla 13. Uppreiknuð grunnlaun starfsfólks í starfshlutfalli eftir bakgrunnsbreytum.....	22
Tafla 14. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum grunnlaunum starfsfólks í starfshlutfalli.....	23
Tafla 15. Uppreiknuð heildarlaun starfsfólks í starfshlutfalli eftir bakgrunnsbreytum.	26
Tafla 16. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum starfsfólks í starfshlutfalli.	27
Tafla 17. Uppreiknuð heildarlaun alls starfsfólks eftir bakgrunnsbreytum.....	32
Tafla 18. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum alls starfsfólks.....	33
Tafla 19. Leiðréttur og óleiðréttur launamunur eftir starfaflokkum.....	34
Tafla 20. Starfaflokkar starfsfólks með erlent ríkisfang	35
Tafla 21. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum alls starfsfólks með ríkisfangi.	39
Tafla 22. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum fyrir allt starfsfólk með ríkisfangi og kyni.	40
Tafla 23. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum fyrir allt starfsfólk. Samvirkni ríkisfangs og kyns. ...	41

Myndayfirlit

Mynd 1. Þróun kynbundins launamunar hjá Reykjavíkurborg	7
Mynd 2. Aldursdreifing karla og kvenna.	12
Mynd 3. Dreifing starfsmatsstiga innan starfaflokka	14
Mynd 4. Skipting hæfnis- og menntunarflokka og yfirvinnu.	16
Mynd 5. Óleiðréttur munur á uppreiknuðum grunnlaunum starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli.	20
Mynd 6. Dreifing uppreiknaðra grunnlauna karla og kvenna.	20
Mynd 7. Dreifing uppreiknaðra grunnlauna starfsfólks í starfshlutfalli eftir starfaflokki.	21
Mynd 8. Frá óleiðréttum til leiðréttis launamunar á uppreiknuðum grunnlaunum starfsfólks í starfshlutfalli.	24
Mynd 9. Óleiðréttur munur á uppreiknuðum heildarlaunum starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli.	24
Mynd 10. Dreifing uppreiknaðra heildarlauna karla og kvenna.	25
Mynd 11. Dreifing uppreiknaðra heildarlauna starfsfólks í starfshlutfalli eftir starfaflokki.	25
Mynd 12. Frá óleiðréttum til leiðréttis launamunar á uppreiknuðum heildarlaunum starfsfólks í starfshlutfalli.	28
Mynd 13. Meðalheildarlaun karla og kvenna eftir starfsfyrirkomulagi óháð starfshlutfalli eða unninna tíma.	29
Mynd 14. Meðalheildarlaun karla og kvenna óháð starfshlutfalli eða unninna tíma.	29
Mynd 15. Óleiðréttur munur á uppreiknuðum heildarlaunum alls starfsfólks.	30
Mynd 16. Dreifing uppreiknaðra heildarlauna alls starfsfólks.	31
Mynd 17. Launaspönn uppreiknaðra heildarlauna alls starfsfólks eftir starfaflokki.	31
Mynd 18. Frá óleiðréttum til leiðréttis launamunar á uppreiknuðum heildarlaunum alls starfsfólks.	34
Mynd 19. Erlent starfsfólk sem hlutfall af öllu starfsfólki í starfaflokki.	36
Mynd 20. Óleiðréttur munur á uppreiknuðum heildarlaunum alls starfsfólks eftir ríkisfangi.	37
Mynd 21. Dreifing uppreiknaðra heildarlauna alls starfsfólks eftir ríkisfangi.	37

Helstu niðurstöður

Tafla 1. Helstu niðurstöður. Munur á launum karla og kvenna.

Óleiðréttur launamunur (ekki uppreiknað fyrir vinnutíma)	
Meðalmunur á greiddum grunnlaunum (óuppreiknuðum) starfsfólks í starfshlutfalli	2,5%
Meðalmunur á greiddum heildarlaunum (óuppreiknuðum) alls starfsfólks	5,1%
Óleiðréttur launamunur (uppreiknað fyrir vinnutíma)	
Meðalmunur á uppreiknuðum grunnlaunum starfsfólks í starfshlutfalli	7,1%
Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum starfsfólks í starfshlutfalli	-0,1%
Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum alls starfsfólks	0,5%
Leiðréttur launamunur	
Meðalmunur á uppreiknuðum grunnlaunum starfsfólks í starfshlutfalli	-0,1%
Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum starfsfólks í starfshlutfalli	-0,3%
Meðalmunur á uppreiknuðum heildarlaunum alls starfsfólks	-0,4%

Inngangur

Þróun kynbundins launamunar hjá Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg hefur í gegnum árin lagt mikla áherslu á jafnrétti og undanfarin ár hefur verið markvisst unnið að því að útrýma kynbundnum launamun. Þess má glöggst sjá vitni á mynd 1 hér fyrir neðan þar sem sjá má þróun kynbundins launamunar hjá Reykjavíkurborg eftir árum.

Hugmyndina að samræmdu starfsmati hjá Reykjavíkurborg má rekja til jafnréttisáætlunar Reykjavíkurborgar frá árinu 1996 þar sem starfsmat var kynnt sem leið að því markmiði að eyða ómálefnalegum launamun kynjanna. Talið var ljóst að þau kerfi sem notuð höfðu verið við launaröðun starfa hjá Reykjavíkurborg stæðust ekki fyllilega þær kröfur sem gerðar eru til starfsmatskerfa, né kröfur um kynhlutlaust mat starfa.

Um áramótin 2000 var samninganefnd Reykjavíkurborgar falið að hrinda í framkvæmd ákvæðum starfsmannastefnu borgarinnar sem kváðu á um að launaákvörðanir yrðu gagnsæjar, málefnalegar og byggðar á þeim kröfum sem starf gerir til starfsfólks. Þá var af fullri alvöru farið að huga að innleiðingu starfsmatskerfis sem gæti mætt þessum kröfum til launasetningar; þ.e. að tryggja launajafnrétti kynjanna.

Í þeim tilgangi var farið í yfirgripsmikla leit að hentugu kerfi, á Norðurlöndunum, Bretlandi og Bandaríkjunum. Kerfið sem varð loks fyrir valinu er að uppruna samræmt starfsmatskerfi bresku sveitarfélaganna og kallast á ensku *Single Status Job Evaluation*. Kerfið var hannað af hópi sérfræðinga í samvinnu við sveitar- og stéttarfélög í Bretlandi og komu einnig að hönnun þess sérfróðir ráðgjafar um launajafnrétti, bæði breska jafnréttisráðið og jafnréttisnefnd þjóðerna. Í kjölfarið var ráðist í aðlögun og innleiðingu og fékk íslenska starfsmatskerfið heitið SAMSTARF. Alþjóðavinnuálagstofnunin (ILO) mælir með starfsmatsleiðinni til að tryggja launajafnrétti og við hönnun kerfisins var unnið náið með stofnuninni með það að markmiði að kerfið yrði í samræmi við alþjóðalög og sáttmála.

Starfsmatskerfið SAMSTARF var innleitt á sama tíma hjá Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og var meginmarkmið innleiðingarinnar að taka í notkun réttmætt og áreiðanlegt mælitæki til að meta sambærileg og jafnverðmæt störf á hlutlausan hátt er tryggði jafnræði í launum.


Þessi áhersla Reykjavíkurborgar á starfsmat sem undirstöðu launasetningar starfa á árunum 1996-2001 sannaði gildi sitt og launamunur kynjanna minnkaði. Meiri reynsla af kerfinu og aðild fleiri félaga að starfsmati skýrir hvernig dregur áfram úr kynbundnum launamun næstu árin þar á eftir.

Utanaðkomandi þættir höfðu mikil áhrif á niðurstöður mælinga á kynbundnum launamun árin 2007-2009 en í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 var farið í mikla vinnu við að endurskoða og minnka umfang samninga um fastar yfirvinnugreiðslur.

Í október árið 2013 var samþykkt í borgarráði aðgerðaráætlun í ellefu liðum með það að markmiði að draga úr kynbundnum launamun. Í kjölfarið hafa markviss skref verið stigin í þá átt. Má þar nefna meðal annars fræðsluáttak fyrir stjórnendur, reglulegar úttektir á kynbundnum launamun, endurskoðun starfsmatskerfisins árið 2014 og uppsagnir fastra aksturssamninga starfsfólks. Áhrifin af þessum aðgerðum skiluðu sér í áframhaldandi lækkun á mældum kynbundnum launamun.

Í greiningum fyrri ára var stuðst við starfaflokkun ÍSTARF-95 og horft var til starfsfólks í 70% starfshlutfalli en í kjölfar innleiðingar jafnlaunastaðals ÍST 85:2012 er greining gerð á launum alls starfsfólks og ný flokkun sem byggir á starfsmatskerfi borgarinnar var þróuð í stað þess að styðjast við ÍSTARF-95. Flokkunin hefur verið uppfærð frá síðustu greiningu.

Meginmarkmið þessarar greiningar er að skoða launamun hjá Reykjavíkurborg og skoða hvort hann megi skýra á hlutlægan og málefnalegan hátt s.s. með menntun, starfsreynslu, ábyrgð o.s.frv. Úttektin nær til alls starfsfólks á launaskrá Reykjavíkurborgar í október 2021.



Mynd 1. Þróun kynbundins launamunar hjá Reykjavíkurborg

Aðferð

Þátttakendur

Launagreining þessi náði til alls starfsfólks Reykjavíkurborgar sem var í starfi í októbermánuði árið 2021. Alls voru 10.398 starfsmenn á launaskrá hjá Reykjavíkurborg í októbermánuði, þar af voru 7.542 konur, 2.837 karlar og 19 kynsegin. Sökum þess hve fáir starfsmenn eru kynsegin eru niðurstöður ekki birtar fyrir þann hóp í greiningunum sem á eftir koma.

Launagögn

Launagögn voru fengin úr mannauðs- og launakerfi Reykjavíkurborgar, SAP og innihalda upplýsingar um launagreiðslur auk upplýsinga um kyn, aldur, ríkisfang, starfsheiti, starfshlutfall, vinnutíma, starfssvið og starfaflokk. Jafnframt eru upplýsingar um aukalaunaflokka vegna menntunar, fagaldurs og hæfnisflokka.

Skoðuð voru grunnlaun og heildarlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli og heildarlaun alls starfsfólks. Heildarlaun samanstanda af grunnlaunum, greiðslum fyrir fasta- og breytilega yfirvinnu, álagsgreiðslur og öðrum greiðslum. Orlofsgreiðslur og uppgjörsgreiðslur vegna starfsloka voru undanskildar í úrvinnslu.

Yfirvinnugreiðslur geta verið fyrir breytilega yfirvinnu, sem miða við þann fjölda tíma sem starfsfólk vinnur umfram dagvinnu, og fyrir fasta yfirvinnu sem miðar við ákveðinn fastan fjölda tíma sem starfsmaður fær greidda á uppgjörstímabili óháð því hvað unnir eru margir yfirvinnutímar þann mánuðinn.

Alls voru 9702 einstaklingar í ákveðnu starfshlutfalli en 696 einstaklingar fengu greitt fyrir tímavinnu og/eða stundarkennslu. Þar sem margt starfsfólk var í lágu starfshlutfalli eða í tímavinnu voru laun þeirra uppreiknuð í 100% svo þau væru samanburðarhæf við laun þeirra sem gegna fullu starfi. Til að auka nákvæmni í uppreikningi var þó að lágmarki miðað við stöðugildi starfsmanns jafnt og/eða herra en 0,05 en greitt stöðugildi vegna 8 klukkustunda vinnuframlags á mánaðartímabili er 0,0461. Aðrar greiðslur voru hins vegar ekki uppreiknaðar þar sem ekki er hægt að gefa sér að einstaklingur í hlutastarfi myndi auka við sig yfirvinnu þó hann færi í fullt starf. Þá var frádráttur vegna skammtíma launalausra fjarvista starfsmanna, brot úr vinnudegi eða skemmri en 5 samfelldir vinnudagar á tímabilinu, undanskilinn.

Í skýrslunni er notast við hugtökin óleiðréttur kynbundinn launamunur og leiðréttur kynbundinn launamunur. Óleiðréttur launamunur eru laun kvenna deilt með launum karla. Því má sjá hve miklu lægri eða hærri laun kvenna voru í samanburði við laun karla. Leiðréttur kynbundinn launamunur sýnir hve mikið lægri eða hærri laun kvenna voru þegar stýrt hefur verið fyrir öðrum breytum, svo sem starfsaldri, starfshlutfalli, menntun o.s.frv.

Flokkun starfa

Starfsheiti hjá Reykjavíkurborg voru 617 talsins. Við mat á inntaki starfa er notast við starfsmatskerfi. Notast er við skilgreind viðmið við mat á störfum, fjögur þemu sem skiptast í alls þrettán þætti. Þemun eru: þekking og færni, álag, ábyrgð og vinnuaðstæður. Reykjavíkurborg hefur samið um starfsmat við meirihluta viðsemjenda sinna. Störf félagsmanna þeirra stéttarfélaga sem ekki hafa samið um starfsmat í kjarasamningum sínum eru metin út frá starfslýsingu starfsins og/eða ákvæðum kjarasamninga. Þannig hafa öll starfsheiti Reykjavíkurborgar verið metin eða þeim bráðabirgðaraðað.

skv. starfsmatskerfinu. Nánari upplýsingar um starfsmatskerfið má finna á [heimasíðu starfsmats](#). Störf voru flokkuð í 17 starfaflokka skv. starfsmatsstigum og tegund starfaflokka. Tafla 2 sýnir starfaflokkana.

Tafla 2. Starfaflokkar

STJÓRNENDUR	Stjórnendur með mannaforráð og deildarstjórar.
1. Stjórnandi I	840 stig og yfir
2. Stjórnandi II	770-839
3. Stjórnandi III	700-769
4. Stjórnandi IV	630-699
5. Stjórnandi V	560-629
SÉRFRÆÐINGAR/VERKEFNASTJÓRAR	Krafa um háskólamenntun
6. Sérfræðingur/verkefnastjóri I	690 stig og yfir
7. Sérfræðingur/verkefnastjóri II	640-689
8. Sérfræðingur/verkefnastjóri III	590-639
9. Sérfræðingur/verkefnastjóri IV	540-589
10. Sérfræðingur/verkefnastjóri V	490-539
SÉRHÆFT STARFSFÓLK	Krafa um nám af styttri námsbrautum, stúdentspróf eða iðnpróf
11. Sérhæft starfsfólk I	520 stig og yfir
12. Sérhæft starfsfólk II	470-519
13. Sérhæft starfsfólk III	420-469
14. Sérhæft starfsfólk IV	370-419
ALMENNT STARFSFÓLK	Almennt starfsfólk, ekki krafa um nám af styttri námsbrautum, stúdentspróf eða iðnpróf
15. Almennt starfsfólk I	370 stig og yfir
16. Almennt starfsfólk II	320-369
17. Almennt starfsfólk III	260-319

Aðhvarfsgreining

Þýði greiningarinnar er allt starfsfólk Reykjavíkurborgar. Notast var við línulega aðhvarfsgreiningu (ordinary least squares regression) til að athuga hvort kynbundinn launamunur er til staðar þegar ákveðnum þáttum er haldið stöðugum. Þar sem laun eru ekki normaldreifð heldur jákvætt skekkt var gögnunum breytt yfir á lógariðmískan kvarða í aðhvarfsgreiningunni, en ein forsenda aðhvarfsgreiningar eru að fylgibreyta sé normaldreifð. Aðhvarfsgreiningin var gerð með greiningartólinu *Pay Analytics*.

Eftirtaldar aðhvarfsgreiningar fóru fram:

- 1) Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum **grunnlaunum** starfsfólks í **ákveðnu starfshlutfalli** þar sem tekið var tillit til kyns, aldurs, menntunar, fagaldurs, hæfnisflokka og starfaflokks.
- 2) Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum **heildarlaunum alls starfsfólks** þar sem tekið var tillit til kyns, aldurs, menntunar, fagaldurs, hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, vakta og starfaflokks.
- 3) Aðhvarfsgreining á **uppreiknuðum heildarlaunum** starfsfólks í **ákveðnu starfshlutfalli** þar sem tekið var tillit til kyns, aldurs, menntunar, fagaldurs, hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, vakta og starfaflokks.
- 4) Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum **heildarlaunum alls starfsfólks** þar sem tekið var tillit til ríkisfangs, aldurs, menntunar, fagaldurs, hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, vakta og starfaflokks.
- 5) Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum **heildarlaunum alls starfsfólks** þar sem tekið var tillit til kyns, ríkisfangs, aldurs, menntunar, fagaldurs, hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, vakta og starfaflokks.
- 6) Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum **heildarlaunum alls starfsfólks** þar sem tekið var tillit til kyns, ríkisfangs, samvirkni kyns og ríkisfangs, aldurs, menntunar, fagaldurs, hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma, vakta og starfaflokks.

Niðurstöður

Hér verður greint frá niðurstöðum launagreiningar. Fyrst eru birtar fjöldataölur og hlutföll fyrir bakgrunnsbreytur. Því næst eru birtar upplýsingar um laun eftir bakgrunnsbreytum. Upplýsingar um grunnlaun, heildarlaun, yfirvinnu og aðrar greiðslur eru enn fremur sýndar og að lokum eru birtar niðurstöður aðhvarfsgreiningar.

Bakgrunnsupplýsingar

Eftirfarandi töflur og myndir sýna dreifingu starfsfólks eftir helstu bakgrunnsbreytum.

Tafla 3 sýnir kynjaskiptingu starfsfólks en konur voru 72,5% starfsmanna Reykjavíkurborgar, karlar 27,3% og kynsegin 0,2%.


Tafla 3. Kyn

	Fjöldi	Hlutfall	
Karlar	2.837	27,3%	 27,3%
Konur	7.542	72,5%	 72,5%
Kynsegin	19	0,2%	 0,2%
Alls	10.398	100%	

Tafla 4 sýnir aldursdreifingu starfsfólks Reykjavíkurborgar. Sjá má að yngsti aldurshópurinn er fjölmennastur, þ.e. 29% starfsfólks er yngri en 30 ára. Fámennasti aldurshópurinn er sá elsti, þ.e. 60 ára og eldri. Mynd 2 sýnir hvernig aldursdreifing karla og kvenna er hjá Reykjavíkurborg. Meðalaldur kvenna er hærri en meðalaldur karla en meðalaldur kvenna er 41,6 ár en karla 37,3 ár. Sjá má að aldursdreifing kvenna er heldur jafnari en karla en mun fleiri karlar eru í yngri aldurshópum heldur en eldri.

Tafla 4. Aldursdreifing

	Fjöldi	Hlutfall	
Yngri en 30 ára	2.995	29%	 29%
30-39 ára	2.315	22%	 22%
40-49 ára	2.013	19%	 19%
50-59 ára	1.768	17%	 17%
60 ára og eldri	1.307	13%	 13%
Alls	10.398	100%	 (Ctrl) •



Mynd 2. Aldursdreifing karla og kvenna.

Fjölmennasta svið Reykjavíkurborgar er skóla- og frístundasvið en 58% starfsfólks starfar á því sviði. Annað fjölmennasta svið borgarinnar er velferðarsvið þar sem en 29% starfsfólks borgarinnar starfar. Konur eru í meirihluta á öllum sviðum borgarinnar nema á umhverfis- og skipulagssviði þar sem þær eru 31%. Á íþrótt- og tómstundasviði er jöfn kynjaskipting.

Tafla 5 sýnir skiptingu starfsfólks eftir sviðum.

Tafla 5. Svið

	Fjöldi	Hlutfall	% konur
Fjármála- og áhættustýringarsvið	115	1% 	74%
Íþróttá- og tómstundasvið	347	3% 	50%
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	28	0% 	82%
Menningar- og ferðamálasvið	209	2% 	77%
Skóla- og frístundasvið	5.971	58% 	78%
Skrifstofur Ráðhúss	85	1% 	72%
Umhverfis- og skipulagssvið	414	4% 	31%
Velferðarsvið	3.048	29% 	71%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	162	2% 	52%
Alls	10.379	100%	

Tafla 6 sýnir dreifingu starfsfólks Reykjavíkurborgar eftir starfaflokkum. Fjölmennustu starfaflokkarnir eru almennt starfsfólk I (19%), almennt starfsfólk II (18%) og sérfræðingur/verkefnastjóri III (18%). Almennt starfsfólk III er eini starfaflokkurinn þar sem karlar eru í meirihluta.


Tafla 6. Starfaflokkar

	Fjöldi	Hlutfall	% konur
Stjórnandi I	14	0% 	57%
Stjórnandi II	164	2% 	73%
Stjórnandi III	293	3% 	77%
Stjórnandi IV	186	2% 	88%
Stjórnandi V	199	2% 	94%
Sérfræðingur/verkefnastjóri I	187	2% 	89%
Sérfræðingur/verkefnastjóri II	464	4% 	71%
Sérfræðingur/verkefnastjóri III	1838	18% 	84%
Sérfræðingur/verkefnastjóri IV	1206	12% 	73%
Sérfræðingur/verkefnastjóri V	525	5% 	74%
Sérhæft starfsfólk I	158	2% 	77%
Sérhæft starfsfólk II	311	3% 	71%
Sérhæft starfsfólk III	610	6% 	66%
Sérhæft starfsfólk IV	276	3% 	63%
Almennt starfsfólk I	1954	19% 	57%
Almennt starfsfólk II	1914	18% 	76%
Almennt starfsfólk III	99	1% 	30%
Alls	10.398	100%	

Tafla 7. Yfirstarfaflokkar

	Fjöldi	Hlutfall		% konur
Stjórnandi	856	8%	8%	83%
Sérfræðingur/verkefnastjóri	4220	41%	41%	78%
Sérhæft starfsfólk	1355	13%	13%	68%
Almennt starfsfólk	3967	38%	38%	66%

Mynd 3 sýnir dreifingu starfsmatsstiga innan hvers starfaflokks. Mest dreifing er í starfaflokkunum sérhæft starfsfólk I og sérhæft starfsfólk II.



Mynd 3. Dreifing starfsmatsstiga innan starfaflokka

Langflest starfsfólk eða 93% eru í ákveðnu starfshlutfalli en 7% starfsfólks í tímavinnu.

Tafla 8 sýnir hvernig starfshlutfall starfsfólks Reykjavíkurborgar skiptist. Meira en helmingur starfsfólks er í fullu starfi eða 57% en um 20% til viðbótar eru svo í 60-99% starfi. Hlutfallslega fleiri konur en karlar eru í 100% starfi. Hlutfallslega fleiri karlar voru í lægra starfshlutfalli (undir 60%) heldur en konur.

Tafla 8. Starfshlutfall

	Fjöldi	Hlutfall		% konur
Minna en 30%	633	7%		63%
30%-59%	1.611	17%		69%
60%-79%	800	8%		75%
80%-99%	1.130	12%		77%
100%	5.513	57%		75%
Alls	9.687	100%		


Ef ríkisfang starfsfólks er skoðað sést að 91% starfsfólks borgarinnar er með íslenskt ríkisfang og 9% með erlent ríkisfang.

Tafla 9. Ríkisfang

	Fjöldi	Hlutfall		% konur
Íslenskt	9.474	91%		72%
Erlent	924	9%		76%
Alls	10.398	100%		

Persónubundnir þættir og yfirvinna

Mynd 4 sýnir dreifingu hæfnisflokka og menntunarflokka auk yfirvinnu. Eins og sést á myndinni eru hæfnisflokkar mjög lítið notaðir en eingöngu tæplega 4% starfsfólks í starfshlutfalli fær greidda hæfnisflokka. Tæp 19% fá greitt fyrir menntun og fá hlutfallslega fleiri konur greitt fyrir menntun heldur en karlar. Um 70% starfsfólks í starfshlutfalli fær greidda einhvers konar yfirvinnu, hvort sem er mælda eða fasta.



Mynd 4. Skipting hæfnis- og menntunarflokka og yfirvinnu.

Tafla 10 sýnir samsetningu launa starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli og eins og sjá má er samsetning launa hjá körlum og konum var nokkuð ólík. Grunnlaun voru hærra hlutfall heildarlauna kvenna. Konur voru með hærri uppreiknuð grunnlaun en karlar en karlar voru með hærri aukagreiðslur heldur en konur.

Tafla 10. Samsetning launa starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli.

	Karlar		Konur		Hlutfallsmunur
	Meðaltal	Fjöldi	Meðaltal	Fjöldi	
Heildarlaun uppreiknuð	622.518	2.578	621.832	7.109	99,9%
Grunnlaun uppreiknuð	510.023		546.447		107,1%
Yfirvinna breytileg	29.532		17.924		60,7%
Yfirvinna föst/önnur laun	47.063		37.967		80,7%
Álag	34.573		19.246		55,7%
Aðrar greiðslur	1.327		248		18,7%

Tafla 11 sýnir að karlar fá að meðaltali hærri aukagreiðslur heldur en konur. Hlutfallslega fleiri karlar fá greidda breytilega yfirvinnu, eða 42% karla í starfshlutfalli á meðan að 37% kvenna í starfshlutfalli fær greidda breytilega yfirvinnu. Hlutfallslega fleiri konur fá greidda fasta yfirvinnu eða önnur laun eða 47% kvenna á meðan að 35% karla fær greidda fasta yfirvinnu eða önnur laun. Þó að hlutfallslega fleiri konur fái greidda fasta yfirvinnu þá fá karlar að meðaltali greidda hærri upphæð heldur en konur, eins og tafla 10 sýnir hér að ofan. Karlar vinna meiri breytilega yfirvinnu en þeir fá að meðaltali 29.532 kr. fyrir mælda yfirvinnu á meðan að konur fá að meðaltali 17.924 kr. Eins virðast karlar fá meira vaktaálag en konur, svo hugsanlega vinna þeir „dýrari“ vaktir en konur. Tafla 12 sýnir svo greiðslur eftir launategund eftir starfaflokkum.

Tafla 11. Hlutfall starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli sem fær greidda yfirvinnu.

	Karlar	Konur	Heild
Föst yfirvinna/önnur laun	35%	47%	44%
Breytileg yfirvinna	42%	37%	38%

Tafla 12. Aukagreiðslur eftir launategund til starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli eftir starfaflokki.

	Karlar	Konur	Hlutfall*
Stjórnandi I			
Breytileg yfirvinna	0	50.550	
Föst yfirvinna/önnur laun	312.988	346.075	111%
Vaktaálag	0	0	
Annað	21.034	0	0%
Stjórnandi II			
Breytileg yfirvinna	0	398	
Föst yfirvinna/önnur laun	264.181	179.699	68%
Vaktaálag	0	486	
Annað	0	0	
Stjórnandi III			
Breytileg yfirvinna	12.424	2.118	17%
Föst yfirvinna/önnur laun	210.662	104.505	50%
Vaktaálag	532	1.017	191%
Annað	0	0	
Stjórnandi IV			
Breytileg yfirvinna	35.137	20.904	59%
Föst yfirvinna/önnur laun	134.569	54.910	41%
Vaktaálag	3.328	10.756	323%
Annað	0	0	
Stjórnandi V			
Breytileg yfirvinna	3.148	25.487	810%
Föst yfirvinna/önnur laun	51.361	9.368	18%
Vaktaálag	24.340	8.886	37%
Annað	0	0	
Sérfræðingur/verkefnastjóri I			
Breytileg yfirvinna	5.283	20.368	386%
Föst yfirvinna/önnur laun	190.194	99.924	53%
Vaktaálag	1.987	9.675	487%
Annað	0	0	
Sérfræðingur/verkefnastjóri II			
Breytileg yfirvinna	7.669	3.723	49%
Föst yfirvinna/önnur laun	202.812	130.261	64%
Vaktaálag	0	1.959	
Annað	0	96	
Sérfræðingur/verkefnastjóri III			
Breytileg yfirvinna	23.565	20.717	88%
Föst yfirvinna/önnur laun	63.880	38.168	60%
Vaktaálag	17.736	7.550	43%
Annað	198	201	101%
Sérfræðingur/verkefnastjóri IV			
Breytileg yfirvinna	26.063	20.157	77%
Föst yfirvinna/önnur laun	39.498	30.068	76%
Vaktaálag	31.940	17.494	55%
Annað	420	239	57%
Sérfræðingur/verkefnastjóri V			
Breytileg yfirvinna	17.078	10.949	64%
Föst yfirvinna/önnur laun	21.878	25.430	116%
Vaktaálag	4.227	2.932	69%
Annað	0	0	


	Karlar	Konur	Hlutfall*
<i>Sérhæft starfsfólk I</i>			
Breytileg yfirvinna	65.528	53.456	82%
Föst yfirvinna/önnur laun	148.145	23.955	16%
Vaktaálag	12.896	80.920	627%
Annað	418	1.119	268%
<i>Sérhæft starfsfólk II</i>			
Breytileg yfirvinna	52.630	12.324	23%
Föst yfirvinna/önnur laun	87.048	58.460	67%
Vaktaálag	21.476	12.364	58%
Annað	0	28	
<i>Sérhæft starfsfólk III</i>			
Breytileg yfirvinna	27.629	21.123	76%
Föst yfirvinna/önnur laun	33.146	28.951	87%
Vaktaálag	14.374	10.985	76%
Annað	672	178	26%
<i>Sérhæft starfsfólk IV</i>			
Breytileg yfirvinna	37.451	18.339	49%
Föst yfirvinna/önnur laun	8.912	10.955	123%
Vaktaálag	50.226	53.476	106%
Annað	2.682	437	16%
<i>Almennt starfsfólk I</i>			
Breytileg yfirvinna	37.392	22.847	61%
Föst yfirvinna/önnur laun	3.605	7.817	217%
Vaktaálag	73.272	56.623	77%
Annað	1.236	598	48%
<i>Almennt starfsfólk II</i>			
Breytileg yfirvinna	20.856	14.234	68%
Föst yfirvinna/önnur laun	9.692	17.327	179%
Vaktaálag	34.127	18.304	54%
Annað	131	130	99%
<i>Almennt starfsfólk III</i>			
Breytileg yfirvinna	104.289	28.562	27%
Föst yfirvinna/önnur laun	3.091	6.722	218%
Vaktaálag	1.478	25.689	1738%
Annað	27.467	7.498	27%

*Laun kvenna sem hlutfall af launum karla. Rauður litur þýðir að laun kvenna eru hærri en karla og blár að laun karla séu hærri en kvenna.


Starfsfólk í ákveðnu starfshlutfalli

Uppreiknuð grunnlaun


Uppreiknuð meðalgrunnlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli eru 536.618 krónur. Konur voru með 7,1% hærri grunnlaun en karlar þegar ekki hafði verið tekið tillits til annarra breyta en starfshlutfalls (sjá mynd 5). Á mynd 6 má sjá dreifingu uppreiknaðra grunnlauna karla og kvenna í kringum miðgildið. Miðgildi grunnlauna kvenna er 514.057 kr. en karla 454.829 kr. Mynd 7 sýnir svo dreifingu uppreiknaðra grunnlauna eftir starfaflokki, það er hver launaspönnin er í hverjum starfaflokki. Spönnin er langmest hjá körlum í starfaflokkunum stjórnandi I og sérfræðingur/verkefnastjóri III og hjá konum í starfaflokknum stjórnandi II.



Mynd 5. Óleiðréttur munur á uppreiknuðum grunnlaunum starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli.



Mynd 6. Dreifing uppreiknaðra grunnlauna karla og kvenna.



Mynd 7. Dreifing uppreiknaðra grunnlauna starfsfólks í starfshlutfalli eftir starfaflokki.

Tafla 13 sýnir uppreiknuð grunnlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli eftir helstu bakgrunnsbreytum. Einnig má sjá í töflunni óleiðréttan mun á uppreiknuðum grunnlaunum eftir bakgrunnsbreytum.

Tafla 13. Uppreiknuð grunnlaun starfsfólks í starfshlutfalli eftir bakgrunnsbreytum.

	Meðalgrunnlaun uppreiknuð		Fjöldi		
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Hlutfall*
Aldur					
Yngri en 30 ára	436.718	444.028	924	1625	102%
30-39 ára	500.374	531.889	659	1555	106%
40-49 ára	576.763	576.487	382	1569	100%
50-59 ára	600.513	610.879	349	1380	102%
60 ára og eldri	574.480	600.551	132	980	105%
Ríkisfang					
Íslenskt	514.191	555.667	2379	6437	108%
Erlent	460.195	458.128	199	672	100%
Starfaflokkur					
Almennt starfsfólk III	398.493	413.135	66	28	104%
Almennt starfsfólk II	408.195	411.607	404	1326	101%
Almennt starfsfólk I	431.941	433.998	684	939	100%
Sérhæft starfsfólk IV	437.309	440.779	97	169	101%
Sérhæft starfsfólk III	458.530	465.277	199	370	101%
Sérhæft starfsfólk II	494.557	497.053	89	220	101%
Sérhæft starfsfólk I	559.364	519.937	35	120	93%
Sérfræðingur/verkefnastjóri V	485.722	487.061	130	379	100%
Sérfræðingur/verkefnastjóri IV	562.648	563.709	276	830	100%
Sérfræðingur/verkefnastjóri III	627.056	630.902	296	1526	101%
Sérfræðingur/verkefnastjóri II	657.825	657.304	132	329	100%
Sérfræðingur/verkefnastjóri I	722.019	714.951	21	166	99%
Stjórnandi V	608.859	632.614	11	188	104%
Stjórnandi IV	699.279	737.651	22	164	105%
Stjórnandi III	778.779	809.836	66	227	104%
Stjórnandi II	953.651	968.097	44	120	102%
Stjórnandi I	1.573.368	1.418.148	6	8	90%
Svið					
Fjármála og áhættustýringarsvið	670.365	583.905	30	85	87%
Íþrótt- og tómstundasvið	470.013	462.324	163	163	98%
Mannauðs- og starfsumhverfissvi	-	735.654	3	21	
Menningar- og ferðamálasvið	547.085	585.126	46	152	107%
Skóla- og frístundasvið	509.915	549.484	1206	4474	108%
Skrifstofur Ráðhúss (miðlæg)	817.150	673.141	24	61	82%
Umhverfis- og skipulagssvið	535.296	586.485	284	125	110%
Velferðarsvið	479.423	530.506	745	1943	111%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	614.204	609.147	77	85	99%


*Laun kvenna sem hlutfall af launum karla. Rauður litur þýðir að meðallaun kvenna eru hærri en karla og blár að meðallaun karla séu hærri en kvenna. Ekki eru birtar tölur fyrir hópa með færri en 5 starfsmönnum.

Gerð var aðhvarfsgreining á uppreiknuðum grunnlaunum þar sem tekið var tillit til kyns, aldurs, starfablokks, hækkunar launablokks vegna menntunar, aldurs og hæfnisblokka. Greiningin leiddi í ljós að nánast enginn munur er á grunnlaunum karla og kvenna eða (0,09% körlum í vil). Tafla 14 sýnir nánari niðurstöður greiningarinnar.

Tafla 14. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum grunnlaunum starfsfólks í starfshlutfalli.

	Gildi	Áætluð áhrif á laun	Marktækni	Leiðrétt launabil innan hóps
KYN	Karl	-	-	-
Grunngildi: Karl	Kona	-0,09%	-	-
				KONA
STARFAFLOKKUR	Almennt starfsfólk III	-	-	1,9% (Kona hærri)
	Almennt starfsfólk II	4,4%	●●●●	0,6% (Kona lægri)
Grunngildi: Almennt starfsfólk III	Almennt starfsfólk I	10,0%	●●●●	0,6% (Kona lægri)
	Sérhæft starfsfólk IV	10,0%	●●●●	0,7% (Kona lægri)
	Sérhæft starfsfólk III	16,0%	●●●●	0,2% (Kona hærri)
	Sérhæft starfsfólk II	21,0%	●●●●	0,8% (Kona hærri)
	Sérhæft starfsfólk I	29,0%	●●●●	6,5% (Kona lægri)
	Sérfræðingur/verkefnastjóri V	23,0%	●●●●	0,2% (Kona hærri)
	Sérfræðingur/verkefnastjóri IV	40,0%	●●●●	0,4% (Kona lægri)
	Sérfræðingur/verkefnastjóri III	55,0%	●●●●	0,3% (Kona hærri)
	Sérfræðingur/verkefnastjóri II	62,0%	●●●●	0,6% (Kona hærri)
	Sérfræðingur/verkefnastjóri I	75,0%	●●●●	0,9% (Kona lægri)
	Stjórnandi V	55,0%	●●●●	2,0% (Kona hærri)
	Stjórnandi IV	79,0%	●●●●	5,1% (Kona hærri)
	Stjórnandi III	94,0%	●●●●	3,7% (Kona hærri)
	Stjórnandi II	131,0%	●●●●	1,3% (Kona hærri)
	Stjórnandi I	264,0%	●●●●	10,0% (Kona lægri)
MENNTUNARFLOKKAR	0	-	-	0,1% (Kona hærri)
	Flokkar 1-2	0,71%	●●●○	1,3% (Kona lægri)
Grunngildi: 0	Flokkar 3-10	0,68%	●●●●	0,5% (Kona lægri)
FAGREYNSLA/STARFSREYNSLA	Flokkar 1-2	-	-	0,2% (Kona lægri)
	Flokkar 6-8	1,90%	●●●●	0,1% (Kona lægri)
Grunngildi: 1	Flokkar 3-5	1,10%	●●●●	0,1% (Kona hærri)
	0	-0,57%	●●●○	0,1% (Kona lægri)
HÆFNISFLOKKAR	0	-	-	Launabil er undir skekkjumörkum
Grunngildi: 0	1	-0,34%	○○○○	0,6% (Kona lægri)
	Áhrif á laun per einingu	Áhrif á laun fyrir hæsta gildi	Marktækni	
ALDUR	0,20%	12,20%	●●●●	
Lægsta gildi: 17				
Hæsta gildi: 73				
R gildi:	0,934			* p<0,05; ** p<0,01; *** p>0,001
R aðlagð:	0,934			
Laun fyrir grunngildi: 377.249 kr. (Laun fyrir grunngildi eru þau laun sem launálíkanið áætla fyrir starfsmann sem er í lægst borguðustu hópum fyrir allar hópabreytur og með verðminnsta gildið fyrir allar tölulegar breytur.)				


Mynd 8. Frá óleiðréttum til leiðréttis launamunar á uppreiknuðum grunnlaunum starfsfólks í starfshlutfalli. Mynd 8 sýnir hvernig hver breyta hefur áhrif á launamuninn en óleiðréttur munur er sem fyrir segir 7,1% konum í vil. Starfablokkunin skýrir muninn hvað mest en þegar starfablokki er bætt við greininguna þá verður launamunurinn 0,6% konum í vil og skýringarhlutfallið, það er hlutfallið sem lýsir því hversu vel launálíkanið útskýrir breytileikann í launum, verður 91,4%. Við það að bæta við aldri snýst munurinn við og verður 0,1% körlum í vil og helst þannig þrátt fyrir að menntunarflokkum, fag-/starfsreynsluflokkum og hæfnisflokkum sé bætt við. Munurinn endar því í 0,1% og skýringarhlutfallið er mjög hátt eða 93,4%.




Mynd 8. Frá óleiðréttum til leiðréttis launamunar á uppreiknuðum grunnlaunum starfsfólks í starfshlutfalli.

Uppreiknuð heildarlaun


Uppreiknuð meðalheildarlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli eru 621.834 krónur. Konur voru með 0,1% lægri heildarlaun en karlar þegar ekki hafði verið litið til annarra breyta en starfshlutfalls (sjá mynd 9). Á mynd 10 má sjá dreifingu uppreiknaðra heildarlauna karla og kvenna í kringum miðgildið. Miðgildi grunnlauna karla er 582.139 kr. en kvenna 598.215 kr. Mynd 11 sýnir dreifingu uppreiknaðra heildarlauna eftir starfshlutfalli, það er hver launaspönnin er.



Mynd 9. Óleiðréttur munur á uppreiknuðum heildarlaunum starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli.



Mynd 10. Dreifing uppreiknaðra heildarlauna karla og kvenna.



Mynd 11. Dreifing uppreiknaðra heildarlauna starfsfólks í starfshlutfalli eftir starfaflokki.

Tafla 15 sýnir uppreiknuð heildarlaun starfsfólks í starfshlutfalli eftir bakgrunnsbreytum. Einnig má sjá óleiðréttan mun á uppreiknuðum heildarlaunum eftir kyni fyrir hverja bakgrunnsbreytu.

Tafla 15. Uppreiknuð heildarlaun starfsfólks í starfshlutfalli eftir bakgrunnsbreytum.

	Meðalheildarlaun uppreiknuð		Fjöldi		
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Hlutfall*
Aldur					
Yngri en 30 ára	501.913	505.249	924	1625	101%
30-39 ára	611.305	609.545	659	1555	100%
40-49 ára	728.363	659.610	382	1569	91%
50-59 ára	767.152	694.172	349	1380	90%
60 ára og eldri	728.270	672.289	264	980	92%
Ríkisfang					
Íslenskt	628.498	633.377	2379	6437	101%
Erlent	551.031	511.239	199	672	93%
Starfaflokkur					
Almennt starfsfólk III	534.818	481.606	66	28	90%
Almennt starfsfólk II	473.000	461.603	404	1326	98%
Almennt starfsfólk I	547.446	521.883	684	939	95%
Sérhæft starfsfólk IV	536.581	523.984	97	169	98%
Sérhæft starfsfólk III	534.351	526.514	199	370	99%
Sérhæft starfsfólk II	655.710	580.230	89	220	88%
Sérhæft starfsfólk I	786.351	679.387	35	120	86%
Sérfræðingur/verkefnastjóri V	528.904	526.372	130	379	100%
Sérfræðingur/verkefnastjóri IV	660.569	631.668	276	830	96%
Sérfræðingur/verkefnastjóri III	732.435	697.538	296	1526	95%
Sérfræðingur/verkefnastjóri II	868.305	793.342	132	329	91%
Sérfræðingur/verkefnastjóri I	919.482	844.918	21	166	92%
Stjórnandi V	687.707	676.355	11	188	98%
Stjórnandi IV	872.313	824.221	22	164	94%
Stjórnandi III	1.002.396	917.476	66	227	92%
Stjórnandi II	1.217.832	1.148.680	44	120	94%
Stjórnandi I	1.907.390	1.814.773	6	8	95%
Svið					
Fjármála og áhættustýringarsvið	903.891	743.748	30	85	82%
Íþrótt- og tómstundasvið	614.033	582.378	163	163	95%
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	802.812	937.401	3	21	
Menningar- og ferðamálasvið	630.340	666.721	46	152	106%
Skóla- og frístundasvið	562.430	592.922	1206	4474	105%
Skrifstofur Ráðhúss (miðlæg)	1.070.870	865.706	24	61	81%
Umhverfis- og skipulagssvið	732.398	742.764	284	125	101%
Velferðarsvið	626.743	655.847	745	1943	105%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	874.375	808.576	77	85	92%

*Laun kvenna sem hlutfall aflaunum karla. Rauður litur þýðir að meðallaun kvenna eru hærri en karla og blár að meðallaun karla séu hærri en kvenna. Ekki eru birtar tölur fyrir hópa með færri en 5 starfsmönnum.

Gerð var aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum starfsfólks í starfshlutfalli þar sem tekið var tillit til kyns, aldurs, starfaflokks, hækkunar launaflokks vegna menntunar, aldurs, hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma og vakta. Greiningin leiddi í ljós lítinn mun á launum karla og kvenna en konur voru með 0,3% lægri heildarlaun en karlar að teknu tilliti til skýribreyta. Tafla 16 sýnir nánari niðurstöður greiningarinnar.

Tafla 16. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum starfsfólks í starfshlutfalli.

	Gildi	Áætluð áhrif á laun	Marktækni	Leiðrétt launabil innan hóps
KYN	Karl	-	-	-
	Kona	-0,32%	●●○○	-
Grunngildi: Karl				KONA
STARFAFLOKKUR	Almennt starfsfólk II	-	-	0,3% (Kona lægri)
	Almennt starfsfólk III	-0,72%	○○○○	4,7% (Kona lægri)
Grunngildi: Almennt starfsfólk II	Almennt starfsfólk I	5,50%	●●●●	1,2% (Kona lægri)
	Sérhæft starfsfólk IV	4,30%	●●●●	0,4% (Kona lægri)
	Sérhæft starfsfólk III	11%	●●●●	0,1% (Kona hærri)
	Sérhæft starfsfólk II	17%	●●●●	Launabil er undir skekkjumörkum
	Sérhæft starfsfólk I	25%	●●●●	8,8% (Kona lægri)
	Sérfræðingur/verkefnastjóri V	18%	●●●●	0,4% (Kona hærri)
	Sérfræðingur/verkefnastjóri IV	33%	●●●●	0,2% (Kona hærri)
	Sérfræðingur/verkefnastjóri III	46%	●●●●	0,8% (Kona hærri)
	Sérfræðingur/verkefnastjóri II	59%	●●●●	0,9% (Kona lægri)
	Sérfræðingur/verkefnastjóri I	68%	●●●●	3,0% (Kona lægri)
	Stjórnandi V	48%	●●●●	1,0% (Kona hærri)
	Stjórnandi IV	71%	●●●●	2,9% (Kona hærri)
	Stjórnandi III	87%	●●●●	3,0% (Kona hærri)
	Stjórnandi II	120%	●●●●	1,0% (Kona hærri)
	Stjórnandi I	194%	●●●●	15,0% (Kona lægri)
MENNTUNARFLOKKAR	0	-	-	0,2% (Kona lægri)
	Flokkar 3-10	1,80%	●●●●	0,9% (Kona lægri)
Grunngildi: 0	Flokkar 1-2	0,53%	●●○○	0,8% (Kona lægri)
FAGREYNSLA/STARFSREYNSLA	Flokkar 1-2	-	-	0,2% (Kona lægri)
	Flokkar 6-8	3,60%	●●●●	0,7% (Kona lægri)
Grunngildi: 1	Flokkar 3-5	1,70%	●●●●	0,1% (Kona hærri)
	0	-1%	●●●●	Launabil er undir skekkjumörkum
HÆFNISFLOKKAR	0	-	-	0,2% (Kona lægri)
	1	1,60%	●●●●	1,9% (Kona lægri)
Grunngildi: 0				
	Áhrif á laun per einingu	Áhrif á laun fyrir hæsta gildi	Marktækni	
ALDUR	0,20%	10,70%	●●●●	
Lægsta gildi: 17				
Hæsta gildi: 73				
TÍMAR Í BREYTTILEGRI YFIRVINNU	0,80%	169,80%	●●●●	
Lægsta gildi: 0				
Hæsta gildi: 133				
TÍMAR Í FASTRI YFIRVINNU	1,20%	102,80%	●●●●	
Lægsta gildi: 0				
Hæsta gildi: 59				
ÖNNUR LAUN EININGAR	0,70%	132,60%	●●●●	
Lægsta gildi: 0				
Hæsta gildi: 125				
VAKTIR (EIN.)	0,30%	89,50%	●●●●	
Lægsta gildi: 0				
Hæsta gildi: 224				


R gildi: 0,952

* p<0,05; **p<0,01; *** p>0,001

R aðlagð: 0,952

Laun fyrir grunngildi: 401.426 kr. (Laun fyrir grunngildi eru þau laun sem launalíkanið áætla fyrir starfsmann sem er í lægst borguðustu hópum fyrir allar hópabreytur og með verðminnsta gildið fyrir allar tölulegar breytur.)


Mynd 8. Frá óleiðréttum til leiðréttis launamunar á uppreiknuðum grunnlaunum starfsfólks í starfshlutfalli. Mynd 12 sýnir hvernig hver breyta hefur áhrif á launamuninn en óleiðréttur munur er sem fyrr segir 0,1% körlum í vil. Þegar starfaflokkum er bætt við greininguna eykst munurinn talsvert eða upp í 4,2%. Skýringarhlutfallið, það er hlutfallið sem lýsir því hversu vel launalíkanið útskýrir breytileikann í launum, er 69,2% við það að bæta starfaflokkum við. Þegar aldri er bætt við sem skýribreytu eykst munurinn enn frekar og verður 5,1%. Eftir því sem hinum breytunum er bætt við dregur úr muninum aftur og skýringarhlutfallið eykst. Munurinn endar því í 0,3% og skýringarhlutfallið er mjög hátt eða 95,2%.



Mynd 12. Frá óleiðréttum til leiðréttis launamunar á uppreiknuðum heildarlaunum starfsfólks í starfshlutfalli.


Allt starfsfólk

Mynd 13 sýnir úppreiknuð meðalheildarlaun alls starfsfólks Reykjavíkurborgar bæði fyrir starfsfólk í starfshlutfalli og fyrir starfsfólk í tímavinnu. Konur í ákveðnu starfshlutfalli eru með 2,5% hærri laun en karlar þegar ekki hefur verið tekið tillit til starfshlutfalls. Konur í tímavinnu eru með 0,8% hærri laun en karlar í tímavinnu óháð fjölda unninna tíma.



Mynd 13. Meðalheildarlaun karla og kvenna eftir starfsfyrirkomulagi óháð starfshlutfalli eða unninna tíma.


Ef allt starfsfólk er tekið saman þá eru konur að meðaltali með 5,1% hærri laun en karlar.




Mynd 14. Meðalheildarlaun karla og kvenna óháð starfshlutfalli eða unninna tíma.

Uppreiknuð heildarlaun


Uppreiknuð meðalheildarlaun alls starfsfólks í starfshlutfalli eru 611.946 krónur. Konur voru með 0,5% hærri heildarlaun en karlar þegar ekki hafði verið litið til annarra breyta en starfshlutfalls (sjá mynd 15). Á mynd 16 má sjá dreifingu uppreiknaðra grunnlauna karla og kvenna í kringum miðgildið. Mynd 17 sýnir dreifingu uppreiknaðra grunnlauna eftir starfaflokki, það er hver launaspönnin er.



Mynd 15. Óleiðréttur munur á uppreiknuðum heildarlaunum alls starfsfólks.



Mynd 16. Dreifing uppreiknaðra heildarlauna alls starfsfólks.



Mynd 17. Launaspönn uppreiknaðra heildarlauna alls starfsfólks eftir starfaflokki.

Tafla 17 sýnir uppreiknuð heildarlaun starfsfólks í ákveðnu starfshlutfalli eftir helstu bakgrunnsbreytum. Einnig má sjá í töflunni óleiðréttan launamun á uppreiknuðum heildarlaunum eftir bakgrunnsbreytum.

Tafla 17. Uppreiknuð heildarlaun alls starfsfólks eftir bakgrunnsbreytum.

	Meðalheildarlaun uppreiknuð		Fjöldi		Hlutfall*
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	
Aldur					
Yngri en 30 ára	495.547	496.564	1082	1902	100%
30-39 ára	604.900	606.309	708	1603	100%
40-49 ára	720.115	655.871	401	1611	91%
50-59 ára	758.389	690.612	362	1405	91%
60 ára og eldri	712.750	666.089	284	1021	93%
Ríkisfang					
Íslenskt	615.491	623.573	2617	6840	101%
Erlent	542.889	510.158	220	702	94%
Starfaflokkur					
Almennt starfsfólk III	530.530	480.572	69	30	91%
Almennt starfsfólk II	470.811	456.530	453	1457	97%
Almennt starfsfólk I	530.252	510.347	827	1117	96%
Sérhæft starfsfólk IV	534.899	522.432	101	175	98%
Sérhæft starfsfólk III	531.982	526.867	207	402	99%
Sérhæft starfsfólk II	653.026	579.732	90	221	89%
Sérhæft starfsfólk I	778.003	677.165	36	122	87%
Sérfræðingur/verkefnastjóri V	528.865	525.127	133	391	99%
Sérfræðingur/verkefnastjóri IV	652.283	629.004	318	885	96%
Sérfræðingur/verkefnastjóri III	734.705	697.032	300	1538	95%
Sérfræðingur/verkefnastjóri II	867.816	793.155	133	331	91%
Sérfræðingur/verkefnastjóri I	919.482	844.918	21	166	92%
Stjórnandi V	687.707	676.355	11	188	98%
Stjórnandi IV	872.313	824.221	22	164	94%
Stjórnandi III	1.002.396	917.476	66	227	92%
Stjórnandi II	1.217.832	1.148.680	44	120	94%
Stjórnandi I	1.907.390	1.814.773	6	8	95%
Svið					
Fjármála og áhættustýringarsvið	903.891	743.748	30	85	82%
Íþrótt- og tómstundasvið	607.557	581.877	173	174	96%
Mannauðs- og starfsumhverfissvið		937.401	3	21	
Menningar- og ferðamálasvið	621.750	660.049	49	160	106%
Skóla- og frístundasvið	559.139	587.162	1300	4675	105%
Skrifstofur Ráðhúss (miðlæg)	1.070.870	865.706	24	61	81%
Umhverfis- og skipulagssvið	731.410	737.722	287	127	101%
Velferðarsvið	598.718	637.607	894	2154	106%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	874.375	808.576	77	85	92%

*Laun kvenna sem hlutfall af launum karla. Rauður litur þýðir að meðallaun kvenna eru hærri en karla og blár að meðallaun karla séu hærri en kvenna. Ekki eru birtar tölur fyrir hópa með færri en 5 starfsmönnum.

Gerð var aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum alls starfsfólks þar sem tekið var tillit til kyns, aldurs, starfaflokks, hækkunar launaflokks vegna menntunar, aldurs, hæfnisflokka, breytilegra yfirvinnutíma, fastra yfirvinnutíma og vakta. Greiningin leiddi í ljós lítinn mun á launum karla og kvenna en konur voru með 0,4% lægri heildarlaun en karlar að teknu tilliti til skýribreyta. Tafla 18 sýnir nánari niðurstöður greiningarinnar.

Tafla 18. Aðhvarfsgreining á uppreiknuðum heildarlaunum alls starfsfólks.

	Gildi	Áætluð áhrif á	Marktækni	Leiðrétt launabil innan
KYN	Karl	-	-	-
Grunngildi: Karl	Kona	-0,41%	●●●○	-
				KONA
STARFAFLOKKUR	Almennt starfsfólk II	-	-	0,2% (Kona lægri)
	Stjórnandi I	196%	●●●●	15,0% (Kona lægri)
Grunngildi: Almennt starfsfólk II	Stjórnandi II	121%	●●●●	1,0% (Kona hærri)
